

Ed.

26. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um stýrimannaskólann í Reykjavík, nr. 17, 4. júní 1924.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

10. gr. 1. liður orðast svo:

Að hafa unnið $1\frac{1}{2}$ ár sém hásetar á varðskipum landsins og $1\frac{1}{2}$ ár á venjulegum verslunarskipum. Nánari ákvæði um siglingatíma nemenda og kjör þeirra á varðskipunum skulu sett í reglugerð, sem stjórnarráðið semur.

Greinargerð.

Á þingi 1923 var því fyrst hreyft að spara landssjóði útgjöld við strandgæsluna með því að gera varðskipin jafnframt að skólaskipum fyrir skipstjórnarmenn landsins. Þar sem skipin eru nú orðin tvö og bersýnilega stórmikill kostnaður við mannhald á þeim, er tími til kominn að taka til athugunar, hvort ekki sje til bóta, bæði fyrir landið og skipstjóraefnin, að hallast verði að því ráði, sem hjer er bent á.